

Ár 2017, föstudaginn 17. nóvember, er dómþing Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍÍ að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 8/2017.

Frjálsíþróttadeild ÍR

gegn

Frjálsíþróttasambandi Íslands

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

## **DÓMUR:**

### **I.**

#### **Dómkröfur.**

Málið var höfðað með kærðu móttækinni af skrifstofu ÍÍ þann 8. ágúst sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu þann 10. ágúst sl. var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 18. ágúst sl.

**Kröfur kæranda:** Kærandi krefst þess að keppandi FH, Andrea Torfadóttir, í 100 metra hlaupi kvenna í bikarkeppni FRÍ þann 29. júlí 2017 verði dæmd úr leik vegna þjófstarts.

**Kröfur kærða:** Kærði krefst þess að úrslit hins kærða hlaups standi óbreytt.

### **I.**

#### **Málsatvik og málatilbúnaður málsaðila.**

Kærandi lýsir málvöxtum á þann hátt að eins og greinilega komi fram á myndbandi, sem sent var sérstaklega með tölvupósti, þjófstartaði framangreindur keppandi, Andrea Torfadóttir, í 100 metra hlaupi, en hún hljóp á 5. braut. Að sögn ræsis, Sigurðar Haraldssonar, var hreyfing á keppendum á fjórum öðrum brautum og hafi Andrea því fengið að hlaupa



aftur. Þess skal getið að ræsir er formaður frjálsíþróttadeildar FH. Þjálfari ÍR, kærði umsvifalaust þessa niðurstöðu, um að Andrea fengi að hlaupa aftur, til yfirdómara mótsins. Kæran var felld með þeim rökum að ekki væri hægt að taka fram fyrir hendurnar á ræsi þegar enginn þjófstartsbúnaður var til staðar, en að mati kæranda halda þau rök ekki vatni enda er skýrt kveðið á um valdsvið hans í þessum efnum í 125. gr. keppnisreglna FRÍ í frjálsum íþróttum. Að sögn ræsis og yfirdómara væru þetta „orð gegn orði“ en eins og hefur komið fram sýnir myndbandið mjög skýrt og greinilega að engin hreyfing var á öðrum keppendum en Andreu áður en skoti var hleypt af.

Málatilbúnaður kærða er með þeim hætti að upp hafi komið álitamál við ræsingu 100m hlaups kvenna í Bikarkeppni FRÍ 29. júlí 2017, en þá var skotið aftur og keppendur kallaðir til baka.

Ræsir hefur gefið eftirfarandi skýringu: „Í ræsingunni skaut ég hlaupinu af stað, en örstuttu áður mat ég hreyfingar á öðrum keppendum, en þeirri sem fór fyrst af stað. Aðstoðarræsir var ákveðin í að hreyfingar hefðu átt sér stað fyrir skotið.“

„Ræsir og aðstoðarræsir litu svo á að nokkrir keppendur hefðu hreyft sig, því var ræst á ný og þeim gefin aðvör.“

Málið var kært innan kærufrests og var tekið fyrir, en yfirdómari mótsins og dómnefnd gerðu ekki athugasemdir við úrskurðinn.

Laganefnd FRÍ tók málið fyrir að beiðni Stjórnar FRÍ

Nefndarmaðurinn Sigurður Haraldsson, sem var ræsir í áðurnefndu tilfelli, lýsti sig vanhæfan til umfjöllunar um málið í nefndinni, og voru aðrir nefndarmenn því sammála.

Nefndarmennirnir Ásbjörn Karlsson og Linda Björk Bentsdóttir hafa því fjallað um málið.

Þau eru sammála um, að málið hafi farið í réttan farveg, eins og reglugerð gerir ráð fyrir.

Hvað varðar myndbandsupptöku sem lögð hefur verið fram, telur nefndin ekki að hún gefi óyggjandi niðurstöðu, til að byggja á.

## II.

### Forsendur og niðurstöður.

Það er mat Íþróttadómstóls ÍSÍ að með mál þetta hafi verið farið samkvæmt gildandi reglugerð þ.e. fjallað var um kæru, sem barst innan kærufrests á mótsstað, yfirdómari og dómnefnd staðfestu ákvörðun ræsis og aðstoðarræsis.

Það er ekki á valdsviði dómstólsins að breyta ákvörðun, sem þar til bærir aðilar hafa tekið á vettvangi.

Með vísan til ofangreinds er kæru frjálssípróttadeildar ÍR hafnað og úrslit hins kærða hlaups staðfest.

### III.

#### Dómsorð.

Kæru frjálssípróttadeildar ÍR er hafnað og úrslit hins kærða hlaups staðfest.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið  
Sigurður I. Halldórsson:



